

Alþingi

Erindi nr. P 121/1821

komudagur 29.4.1997

**Laganefnd L.M.F.Í.****Umsögn um frv. til lögræðislaga (410. mál).**

Reykjavík, 29. apríl 1997

Laganefnd LMFÍ hefur fjallað um frumvarp til lögræðislaga á fundum sínum og telur að frumvarpið feli í sér umtalsverðar réttarbætur á sviði persónuréttar. Telur nefndin að flest þau nýmæli sem tekin eru upp í frumvarpið eigi rétt á sér og séu bryn réttarbót.

Laganefnd telur ástæðu til að vekja athygli á eftirfarandi:

Í frumvarpinu er mælt fyrir um möguleika á því að svipta menn fjárræði að hluta til (takmörkuð lögræðissvipting), þ.e. varðandi tilteknar eignir (5. gr.), og er það mikilsverð breyting. Jafnframt er heimilt skv. IV. kafla frumvarpsins að skipa fjárráða manni ráðsmann, samkvæmt ósk hans sjálfs. Í laganefnd urðu nokkrar umræður um þessi nýmæli. Reynsla nefndarmanna sem lögmannna er sú, að mikillar tregðu gæti hjá aðstandendum t.d. gamals fólks, sem ófært er að fara með fjármál sín, að óska eftir fjárræðissviptingu. Sú málsmeðferð, að gera kröfu fyrir dómi um að náinn ættingi verði sviptur fjárræði (jafnvel eingöngu að hluta til), er að margra mati slík niðurlægning fyrir viðkomandi að ekki er gripið til slíkra aðgerða jafnvel þó svo að full þörf sé á. Ekki verður séð að ný lögræðislög breyti hér öllu, jafnvel þó svo að svipta megi menn fjárræði að takmörkuðu leyti.

Ákvæði IV. kafla frumvarpsins, um skipan ráðsmanns, er að mati nefndarmanna athyglisvert nýmæli, en er ekki líkleg til að verða raunhæft. Nefndarmenn telja líklegt að sjaldnast komi upp sú staða að maður óski sjálfur eftir skipan ráðsmanns og að í flestum tilfellum megi ná aðstefndum árangri með einföldu umboði til umboðsmanns, eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu.

Á hinn bóginn telur laganefnd mega taka til skoðunar, að réttarúræði IV. kafla verði, með viðeigandi breytingum og samræmingu, tækt einnig í þeim tilvikum sem ella féllu undir takmarkaða lögræðissviptingu skv. 5. gr. frumvarpsins. Þannig gætu aðstandendur borið þá kröfu upp við héraðsdóm, að í stað formlegrar lögræðissviptingar yrði, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, skipaður ráðsmaður. Kerfið yrði þá að einhverju leyti blandað eins og virðist tíðkast á Norðurlöndum.

Virðingarfyllt  
fh. laganefnda L.M.F.Í

Marteinn Másson, framkv. stj.